

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið
Skuggasund 1
150 REYKJAVÍK

Garðabær, 4. nóvember 2022
Málsnúmer: 202211-0013
SS/EÓ

Efni: Umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um fyrirspurn alþingismannsins Ingu Bjarkar Margrétar Bjarnadóttur um skordýr (þingskjal 367).

Vísað er í tölvupóst frá umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu, dags. 25. október 2022, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um fyrri spurningu alþingismannsins Ingu Bjarkar Margrétar Bjarnadóttur um skordýr.

Eftirfarandi er umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands:

Spurningin hljóðaði svo: „1. Hefur staða skordýra í íslensku vistkerfi verið kortlögð?“.

Smádýralíf landsins hefur verið kannað markvisst um nokkuð skeið og þar á meðal eru margir hópar skordýra. Vegna þess hve fræðimenn á þessu sviði hafa verið og eru fáir er enn langt í land með að afla viðunandi þekkingar og skilnings á þessum fjölbreytta og flókna heimi smádýrana. Hjá Náttúrufræðistofnun Íslands hefur verið lögð áhersla á það í grófum dráttum að kanna hvaða tegundir smádýra er að finna á landinu, útbreiðsla einstakra tegunda á landinu hefur verið kortlögð sem og búsvæðaval þeirra. Eins er unnið að því að byggja upp vísindasafn á þessu sviði með sýnum af þeim tegundum sem hér hafa fundist. Það er afar mikilvægt vegna tíðra breytinga og þróunar þekkingar í fræðigreininni sem kallar á endurskoðun tegunda.

Á Íslandi finnast margar gerðir vistkerfa, þar sem finnast mismunandi samfélög lífvera og samspil þeirra er margbreytilegt og tekur breytingum. Skordýr og önnur smádýr eru lykilhópar í flestum vistkerfum, og skordýrin sérstaklega í þurrlandis- og ferskvatnsvistkerfum. Þar gegna þau mikilvægu hlutverki og eru oft undirstöðutegundir fyrir grósku og fjölbreytni, enda bæði mikilvæg fæða fyrir önnur dýr, neytendur á frumframleiðendum (plöntum og þörungum) og mikilvægir frjóberar. Eitt þekktasta dæmið hérlendis þar sem skordýr eru lykiltegundir eru mýflugnastofnar við Mývatn og Laxá. Þótt mörg vistkerfi hér á landi hafa verið rannsökuð og vöktuð vel þ.m.t. skordýrin sem þar finnast og vistfræðileg hlutverk þeirra, þá er langt í land með að heildstæð þekking sé til staðar um stöðu skordýra í flestum þeim vistkerfum sem þau finnast í. Mikil þörf er á að efla rannsóknir á skordýrum og öðrum smádýrum hér á landi.

Virðingarfyllt,

Snorri Sigurðsson

Snorri Sigurðsson
Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs.

